



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÖLI – HREYSTI TIL HAGSÆLDAR

ÍT-ráð,
Hafþór B. Birgisson

Góðan dag.

Aðalstjórn UMFN fékk fyrirspurn á síðasta fundi varðandi það að stofna nýja deild innan félagsins, -
rafíþóttadeild-

Aðalstjórn tók vel í erindið og óskaði eftir meiri upplýsingum frá viðkomandi aðila, t.d. hvað þyrfti til
og þess háttar.

Sá sem mun vera í forsvari Friðrik Árnason, hann er m.a. körfuboltadómari og hefur mikinn metnað
um að stofna svona deild. Hann telur hana nauðsynlega þar sem gríðarlegur fjöldi krakka eru að spila
tölvuleiki sín á milli frá sínum heimilum, en nauðsynlegt er fyrir þau að hittast og spila, svo við tölum
nú ekki um félagslega þáttinn, bara að komast út og breyta um umhverfi.

Hann hefur sjálfur mikla reynslu og þekkingu af tölvuleikjaspilun.

Skv. uppl. frá UMFÍ þá eru þó nokkur félög komin með rafíþróttir í gagn, m.s. Höttur, KR, FH, Fylkir,
Sindri, Ármann og einhver fleiri á döfinni.

Það sem hann segir að þurfi til er auðvitað húsnæði og ca tíu uppsettar tölvur. Einnig kynnti hann sér
þetta hjá KR, Fylki og Keflavík sem er að spá í þetta líka og sendi ég þér viðhengi um það.

Áhugavert að sjá að skipulagðar æfingar eru frá aldrinum 8- 16 ára hjá þessum deildum.

Með von um að vel verði tekið í erindið.

Með bestu kveðju

f.h. aðalstjórnar UMFN

Jenný L. Lárusdóttir frkvstj.

Sæl

Til að byrja þetta að þá eru hér fínir punktar frá RÍSí varðandi raflíftíttir:

<https://www.ksi.is/library/Skrar/eFotbolti/%C3%8DS%C3%8D%20raf%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttir.pdf>

Er svo búinn að kynna mér aðeins hvernig félög eins og KR og Fylkir gera þetta, en líka hvernig Keflavík er að spá í að gera, en þar er þetta eftirfarandi:

- Skipulagðar æfingar hjá 8 ára – 16 ára
 - 8 – 16 ára hjá KR
 - 10 – 16 ára hjá Fylki
 - 8 – 16 ára hjá Keflavík
- Flestir hópar með 2x æfingar í viku
 - Hjá eldri er einblínt á einn leik í hverjum æfingahóp
 - Hjá yngri er þetta meira bland í poka
 - Ráða hvaða leiki þau spila
 - Kenna þeim á búnaðinn
 - Hvernig á að haga sér á netinu
 - Kenna rétta líkamsstöðu
- Leikir sem eru spilaðir og keppt í:
 - FIFA
 - Fortnite
 - Overwatch
 - CS:GO (Counter-Strike)
 - LOL (League Of Legends)
 - Rocket League
- Æfingarnar almennt í 90 mín
 - Möguleiki á 3-4 æfingum á dag ef mikil aðsókn verður.
- Hægt að skipuleggja innanhúsmót bæði sem einstaklingar og sem lið

Ungmennafélag Njarðvíkur Íþróttamiðstöðinni Norðurstíg 4
260 Reykjanesbær Sími 421-2895 umfn@umfn.is